

## Umsókn um leyfi til tímabundinnar framleigu á búsetaíbúð

Nafn: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Íbúð: \_\_\_\_\_

Ástæða  
umsóknar: \_\_\_\_\_

Umboðsmaður nafn/sími/netfang. \_\_\_\_\_

### Reglur um útleigu á íbúðum Búseta: (samb. 5.9.95, endurskoðaðar 4.10.06, 3.7.14, 1.4.16, 15.9.22)

1. gr. Ekki er heimilt að leigja út íbúðir nema með samþykki Búseta hsf. Ágreiningsmálum skal vísað til stjórnar. Framleiga er aðeins heimil ef um brýna nauðsyn er að ræða s.s. vegna náms erlendis eða vegna tímabundinna starfa annars staðar, utan stórhöfuðborgarsvæðisins eða í u.þ.b. einnar klst. akstursfjarlægð frá því (sjá 8.gr. búsetusamningsins)
2. gr. Réttthafi verður að vera í skilum með búsetugjald sitt og útleigan er aðeins heimiluð í eitt ár í senn.
3. gr. Búseturéttarhafi ber alla ábyrgð á íbúðinni á leigutíma og vanskilum.
4. gr. Leigutaki skal ætíð vera félagsmaður í Búseta og undir tekju- og eignamörkum ef hann er að leigja slíka íbúð.
5. gr. Lágmarksleigutími er 6 mánuðir og hámarksleigutími er 5 ár.
6. gr. Búseti hsf. skal árita samþykki sitt á leigusamning.
7. gr. Samningsupphæð leigusamnings má ekki vera hærrí en sem nemur fjárhæð búsetugjalds. Við samningsupphæð má þó bæta sanngjörnu álagi vegna fjármagnskostnaðar búseturéttar, þó aldrei hærra en sem nemur lægstu óverðtryggðu skuldabréfavöxtum Seðlabankans auk álags. Stjórn endurskoðar álagið árlega. Álagið nú er 2% skv. verðskrá.
8. gr. Brot á reglum um útleigu varðar brottrekstri úr félaginu og riftun búsetusamnings.

### Aðrar upplýsingar vegna útleigu:

Réttthafi greiðir þóknun vegna umsýslu kr. 15.000.- Hægt er að fá samningseyðublöð og löggiltan skjalapappír á skrifstofunni.

Búsetugjaldið verður áfram innheimt á nafni réttthafa.

Lagt er til að réttthafi fari fram á vottorði um stöðu leigjanda frá Credit Info/Lánstrausti.

Einnig er mælt með að réttthafi óski eftir einhverskonar tryggingu fyrir leigunni.

Eftirfarandi fyrirvari skal settur inn í leigusamninginn: „**Samningur þessi tekur fyrst gildi með staðfestingu Búseta hsf**”

Búseti hsf. hefur rétt á að hafna leigjanda (t.d. vegna vanskilasögu á CI, fyrri samskipta o.fl.)

### Fylgigögn með umsókn:

- Staðfesting á breyttum aðstæðum - t.d. skólavottorð, atvinnuvottorð, yfirlýsing...
- Launaseðlar sl. 6 mánaða og skattskýrsla leigjanda ef íbúð er á lánum með tekjumarki
- Vottorði um stöðu leigjanda frá Credit Info/Lánstrausti – á að hafa þetta áfram?
- Upplýsingar um umboðsmann leigusala ef við á
- Staðfesting á að leigjandi sé félagsmaður (sjá félagatal/kvittun)

Dags. \_\_\_\_\_

Undirritaður staðfestir að hafa lesið ofangreindar reglur og umsókn þessa

Staðfesting Búseta hsf: \_\_\_\_\_

Dags. \_\_\_\_\_